

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 – 2001

Nr. 385

1056

17. maí 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Dalvíkurbyggð.

Deiliskipulag atvinnusvæðis við Hafnarbraut, Dalvík.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 27. mars 2001 deiliskipulag við Hafnarbraut.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Dalvík, 17. maí 2001.

Bæjarstjórinn í Dalvíkurbyggð,

Rögvaldur Skíði Friðbjörnsson.

Nr. 386

16. maí 2001

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Dagverðarneslandi, Skorradalshreppi.

1) *Breyting á deiliskipulagi á reit S4 í landi Dagverðarness.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps samþykkt þann 14. febrúar 2001 breytingu á áður samþykktu deiliskipulagi af frístundabyggð á reit S4 í landi Dagverðarness, Skorradalshreppi í Borgarfirði. Á lóðum 222 og 224 má byggja 2 hús á hverri lóð í stað eins áður.

2) *Breyting á deiliskipulagi á reit S5 í landi Dagverðarness.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps samþykkt þann 2. apríl 2001 breytingu á áður samþykktu deiliskipulagi frístundabyggðar á reit S5 í landi Dagverðarness, Skorradalshreppi í Borgarfirði. Heimilt er að byggja 120 m² hús á hverri lóð í stað 90 m² áður.

Greinargerð og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og gerir Skipulagsstofnun ekki athugasemd við að auglýsing um gildistöku deiliskipulaganna verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagsbreytingar þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulagssvæði fyrir sömu svæði.

Akranesi, 16. maí 2001.

F.h. Skorradalshrepps,

Bjarni O.V. Þóroddsson byggingafulltrúi.